

Innra mat Þjórsárskóla 2015-2016

(Unnið af Bolette og Kristínu)

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og framkvæma samkvæmt henni. Tilgangur sjálfsmats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið.

Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur m.a. fram varðandi samstarf skóla sveitarfélagsins að stefnt skuli að því að auka samstarf allra skóla sem koma að námi og kennslu barna, að skólar setji sér markmið sem skapi samfellu í námi barnanna, að nemendur kynnist vel þeim skóla sem tekur við og að faglegt samstarf skólanna verði aukið. Þetta skólaárið var ákveðið að innra mat Þjórsárskóla snerist um samvinnu á milli skólastiga

Markmið með innra mati skólaárið 2015-2016: Að meta og bæta samskipti við Flúðaskóla og Leikholt til að auðvelda nemendum að færast á næsta skólastig.

Lýsing: Rafrænn spurningarlisti var unninn í forritinu MonkeySurvey. Spurningalistinn snerist um samskipti við Leikholt annars vegar og Flúðaskóla hins vegar. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 1. - 7. bekk í tölvupósti í maí.

Könnunin innihélt sex spurningar til foreldra barna í 1.- 4. bekk, fjórar spurningar til foreldra barna í 5. og 6. bekk og sjö spurningar til foreldra barna í 7. bekk. Að auki gafst foreldrum kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Svörum barst frá tæplega 65% foreldra. Vert er að taka fram að niðurstöður eru byggðar á svörum þeirra sem luku könnuninni. Hér á eftir fara helstu niðurstöður úr foreldrakönnuninni.

Með því að svara könnuninni gafst foreldrum kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri.

Samstarf við leikskólann Leikholt – Umsjón Hildur Lilja Guðmundsdóttir

Yfir skólaárið kemur elsti árgangur leikskólans í reglulegar heimsóknir í skólann til 1.-2. bekkjar, um það bil 8-10 skipti á hverri önn. Hópurinn kemur kl. 9 og er fram að eða yfir hádegismat. Unnið er í þeim um þvert á aldur. Fyrir áramót unnum við með hafið og sjávardýrin. Eftir áramót höfum við unnið með ævintýri. Ásamt þessum skipulögðu heimsóknum er yngstu börnum grunnskólans boðið á leiksýningar og generalprufu árshátíðar í leikskólanum og sömuleiðis er eldri deild leikskólans boðið að koma og sjá generalprufu árshátíðar hjá grunnskólanum. Elsta árgangi leikskólans er einnig boðið með í eina skógarferð og að lokum kemur hann heilan dag í grunnskólann, með skólabíl að heiman og aftur heim með skólabíl.

Með þessari samfellu milli skólastiga skapast öryggi hjá varðandi skólabörnum. Sömuleiðis fær starfsfólk skólans gott tækifæri til að kynnast þeim og skapa milli sín traust tengsl ásamt

Því að auka samvinnu milli starfsmanna skólanna. Samfella sem þessi auðveldar börnum yfirfærsluna milli leik- og grunnskóla.

Samstarf við Flúðaskóla – Umsjón Hafdís Hafsteinsdóttir

Gott samstarf milli skólastiga er nauðsynlegt. Flúðaskóli er viðtökuskóli eftir 7. bekk í Þjórsárskóla. Í vetur 2015-2016 hefur eins og áður verið skipst á heimsóknum milli 7. bekkja skólanna. Þetta samstarf er nauðsynlegt til að nemendur okkar hér kynnist umhverfi Flúðaskóla og kennsluaðstæðum og háttum. Flúðaskólanemendur koma líka hingað í Þjórsárskóla til að sjá umhverfi og aðstæður nemenda okkar.

Umsjónarkennarar bekkjanna hittust á fundi í skólabyrjun og ákváðu dagsetningar og hvað ætti að gera á hvorum stað. Umsjónarkennari 7. bekkjar Flúðaskóla er Halla Sigríður Bjarnadóttir. Fundnar voru fjórar dagsetningar yfir veturinn. Ein heimsókn í október, önnur í desember og sú þriðja í febrúar og ein að lokum í maí. Þá yrði jafnframt skoðunarferð um skólann. Nemendur okkar myndu svo fara heim með skólabílnum frá Flúðum í lok dags.


Umsjónarkennararnir ákváðu hvað yrði tekið fyrir í hverri heimsókn. Okkur fannst báðum að í fyrstu heimsókn Þjórsárskóla til Flúðaskóla fengju nemendur að borða með nemendum Flúðaskóla. Þannig sæju þeir líka aðra nemendur skólans og mötuneytisaðstöðuna. Einnig fannst okkur nauðsynlegt að halda stundarskrá og að þau fengju venjulega kennslustund. Þau tóku þátt í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, tölvutíma og íþróttum.

Í vetur voru heimsóknir áætlaðar fjórar en eins og áður er sagt urðu þær þrjár. Mér finnst nauðsynlegt að hafa fjórar heimsóknir eða jafnvel fleiri yfir veturinn. Nemendur tengjast betur félagslega og var greinilegt á síðustu heimsókninni að þeir voru farnir að finna sig innan hópsins. Þessar heimsóknir gefa kennurum skólanna svigrúm til að fylgjast með því sem kennt er á báðum stöðum. Við sem umsjónarkennarar þessara bekkja spurðum hvor aðra spurninga sem gögnuðust vel í áframhaldandi kennsluháttum í vetur. Ég fékk betri innsýn í kennslu Flúðaskóla og sömuleiðis fengu nemendur og kennari Flúðaskóla að kynnast okkar skólareglum og kennslu. Ég tel að með því að hafa þessar heimsóknir standi okkar nemendur betur varðandi kvíða og félagslega til að byrja nám í öðrum skóla. Þeir fá líka góða innsýn í kennsluhætti með því að vera með í tímum. Mikilvægt er að efla þessar heimsóknir frekar en draga úr.

Niðurstöður 1.-4. Bekkur




Foreldrar sögðu að börnunum þeirra liði mjög vel og frekar vel í skólaheimsóknum.




Flestum foreldrum fannst skóla heimsóknirnar mátulega margir.

Barnið mitt kynntist nemendum Þjórsárskóla í heimsóknunum




Foreldrar voru sammála um að börnin kynntust eldri nemendum skólans í skólaheimsóknum.

Breytingin frá leikskóla í grunnskóla gekk vel



Foreldrar voru sammála um að breytingin frá leikskóla yfir í grunnskóla hafi gengið vel.


Barnið mitt hlakkaði til að byrja í Þjórsárskóla



Foreldrar töldu að barnið þeirra hlakkaði til að byrja í 1. bekk Þjórsárskóla.


Niðurstöður 5.-6. bekkur

Barnið mitt fór á miðstigsgleði



Miðstigsgleði er að jafnaði 4 sinnum á ári. Þetta skólaárið var hún einungis þrisvar og þátttaka virðist hafa verið góð hjá nemendum. Miðstigsgleði er á vegum Zero.


Barninu mínu leið vel í samskiptum við Flúðaskólanemendur



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hlutlaus


Flestir foreldrar telja að barninu þeirra hafi liðið vel í samskiptum við Flúðaskólanemendur. Einn fjórði foreldra var hlutlaus.

Barnið mitt er búið að kynnst nemendum í Flúðaskóla



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hlutlaus ■ Mjög ósammála

Flest börn hafa kynnst nemendum í Flúðaskóla í heimsóknum sínum en þó ekki öll.



Flestir foreldrar telja barnið sitt hlakka til að fara yfir í Flúðaskóla. Þó er ekki tillhlökkun hjá öllum nemendum.

Niðurstöður 7. bekkur

Einungis 3 nemendur eru í 7. bekk skólans þetta skólaárið. Svör bárust frá foreldrum tveggja þeirra. Svo virðist sem annað þeirra hafi tekið þátt í miðstigsgleði og farið á opið hús en hitt ekki. Þeim nemandi sem nýtti sér félagsmiðstöðina leið betur og var spenntari fyrir að færa sig um skóla. Þegar spurt er um skólaheimsóknir þá hafa báðir nemendur kynnst Flúðaskólanemendum en kynna mætti betur nemendur fyrir starfsfólki.

Athugasemdir sem bárust frá foreldrum barna 1.-4. bekk

„Skólaheimsóknirnar mættu gjarnan róterast á fleiri daga svo leikskólabörn fengju að kynnast öllum kennslustundum og kennurum, s.s. sund, íþróttir, verkgreinar o.fl., þó ekki væri nema eitt skipti.“

„Finnst skólaheimsóknirnar hjálpa mikið við að brúa bilið á milli skólastiganna. Börnin mæta örugg og sæl á sínum fyrsta skóladegi.“

Athugasemdir sem bárust frá foreldrum barna 5.-6. bekk

„Samskiptin mættu vera meiri.“

Athugasemdir sem bárust frá foreldrum barna 7. bekk

Engar athugasemdir bárust frá foreldrum.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn – Niðurstöður vorið 2016

Skólinn notar Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-12 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af innra mati skólans.

Helstu niðurstöðurnar: Almennt voru niðurstöðurnar jákvæðar. Nemendur eru yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri, þrautseigju í námi og áhuga á stærðfræði. Þeir hafa einnig góða trú á eigin námsgetu.

Jákvæðar niðurstöður eru einnig að finna í spurningum um skóla og bekkjaranda eins og sambandi milli nemenda og kennara, aga í tímum og virkni nemenda.

Þar sem helst þarf að skoða hjá okkur er þátturinn um líðan og heilsu nemenda en þar eru þættir eins og stjórn á eigin lífi, hreyfing og tíðni eineltis undir landsmeðaltali. Einnig voru niðurstöður úr þáttunum: holt mataræði, vellíðan og sjálfsálit á pari við landsmeðaltal.

Að lokum

Niðurstöður innra matsins þetta skólaárið gefa okkur ágæta mynd af því samstarfi sem er á milli leik- og grunnskólanna, hvar okkur gengur vel og hvar það er helst að við getum bætt okkur. Á skólaárinu hafa fagleg samskipti milli Leikholts og Þjórsárskóla aukist til muna t.d. fylgdi umsjónakennari börnunum í leikskólaheimsóknir, skólarnir buðu hvor öðrum á árs hátíðir og viðburði og kennarar unnu saman að mótun sameiginlegrar lestrarstefnu fyrir bæði skólastigin.

Svo virðist sem yfirfærslan frá Þjórsárskóla yfir í Flúðaskóla reynist sumum börnum erfiðari og er það eitthvað sem við þurfum að vinna með. Áhugi er frá skólunum á meiri samvinnu t.d. fleiri heimsóknir og meiri fagleg samskipti og samvinna á milli kennaranna sem vinna með þessa hópa.

Niðurstöður Skólapúlsins sýndu okkur að almennt líði nemendum vel í skólanum eins og kemur fram í kaflanum hér að ofan.

20. maí 2016

Bolette Høeg Koch